| | | |
|---|---|---|
| Nr.: GAT-045<br>Útgáfa: 08<br>Dags.: 30.08 2011 | **Verkmenntaskólinn á Akureyri** | |
| Höfundur: HRS<br>Samþykkt:SHJ<br>Síða 1 af 2 | **Teikningar og verklýsingar í húsasmíði TEH303**<br>**Kennsluáætlun vorönn 2012** | |

| **Kennari** | Halldór Torfi Torfason | **Sk.st.** | HTT |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á teikningalestur og teikningar bygginga og mannvirkja úr steini og gleri. Farið er yfir vinnuteikningar varðandi aðalburðarvirki húsa, einkum þök. Sperrusnið og trjásneiðingarverkefni. Steypumót. Snúnir stigar, steinsteypa og tré. Nemendur kynnast grunnatriðum tölvuteikninga og notkun tölvutækni við miðlun uppdrátta og annarra hönnunargagna.

Áfanginn er eingöngu ætlaður húsasmiðum og byggist kennslan aðallega á verkefnavinnu auk þess sem nemendur læra um viðmót og uppbyggingu algengustu teikniforrita.

## Áfangamarkmið:

Nemandi

- ✓ kunni skil á steinsteypuvirkjum og klæðningu steinsteyptra útveggja
- ✓ þekki ákvæði reglugerðar um undirstöður bygginga og mannvirkja
- ✓ þekki ákvæði reglugerðar um útveggi, klæðningar þeirra og einangrun
- ✓ þekki grunnatriði járnbendingar á steinsteypu og steinsteypta stiga
- ✓ þekki fagheiti í aðaluppdráttum, lóða- og burðarvirkisuppdráttum
- ✓ geti lesið og unnið með teikningar af steinsteypuvirkjum og klæðningum
- ✓ þekki gerðir uppdrátta og teikninga og öll almenn teiknitákn
- ✓ geti lesið og skilið merkingar og verklýsingar á teikningum
- ✓ geti gert efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli uppdrátta
- ✓ hafi innsýn í tæknilegar útfærslur vegna loftunar og einangrunar
- ✓ kynnist algengustu teikniforritum á tölvu og þekki notkun þeirra við gerð og miðlun hönnunaruppdrátta
- ✓ geti teiknað einföld steinsteypuvirki og klæðningar á stein innanhúss og utan
- ✓ þekki teikniaðferðir og teiknireglur fyrir steypuvirki og klæðningar
- ✓ þekki stöðluð mál á steinveggjum, klæðningagrindum og einangrun
- ✓ geti gert rissmyndir og eftir atvikum notað fjarvídd til að sýna rýmisútfærslur
- ✓ geti gert vinnu- og deiliteikningar af steinsteypuvirkjum s.s. stigum

## Námsefni:

Vinna verður með svipuðu móti og í fyrri áföngum, þ.e. teiknuð verða verkefni að vali kennara og þau unnin innan ákveðins tíma. Þessi áfangi verður unninn í tölvum en einnig verður unnið verkefni í höndum á plötu í byggingadeild.

Teiknuð verða þök og þakhlutar, grunnmyndir og útlit. Teiknuð verða steypumót og uppsláttur, snið í þök og veggi, steypta og úr timbri.

Rifjaðar verða upp aðferðir við teikningu stiga og ýmsar aðferðir til samsetninga timburs. Ef tími vinnst til verður lítillega verður komið inn á járnateikningar. Einnig er gott að rifja upp aðferðir úr fyrri áföngum

## Vikuáætlun:

| Vika | *Námsefni* | |
|---|---|---|
| 2 – 7 | Þök og þakvirki | |
| 8 – 13 | Steypumót og stigar | |
| 15 – 18 | Mannvirki úr steinsteypu og teikningalestur | |

*Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.*

## Námsmat:

Áfanginn er próflaus og gilda verkefni 100% til einkunnar.
Verkefnum skal skila fyrir 1. maí 2012.

## Námsefni:

Ljósrit frá kennara og efni annarra fagtengdra áfanga

## Ath:

**Gert er ráð fyrir að nemendur geti þurft að vinna við teikningar utan kennslutíma**

Réttur til breytinga áskilinn

Janúar 2012

*Halldór TT* *dori@vma.is*

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**